

Alþingi
Erindi nr. P 130/552
komudagur. 8.12.2003

Umhverfisstofnun Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 13. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald.

Hér um að ræða lög sem koma munu í stað laga um spilliefnagjald, en með frumvarpinu er m.a. verið að færa gjaldtökuna yfir á fleiri vöruflokka. Raunar telja Neytendasamtökin að hér sé um skattlagningu að ræða en ekki gjaldtöku, enda er þetta gjald lagt á vörur sem munu hafa veruleg verðlagsáhrif og sem neytendur verða að borga. Að auki hefur gjaldtakan áhrif til hækkunar á skuldum heimilanna vegna óheppilegrar vísitölutengingar lána.

Frumvarpið er samið af nefnd þar sem atvinnulífið átti þrjá fulltrúa af sjö, en hvorki samtök neytenda né umhverfissamtök höfðu neina möguleika til að koma að málinu. Þar sem hér um mikilvæga hagsmuni neytenda að ræða telja Neytendasamtökin framangreint afar óheppilegt og gagnrýnivert. Það er einnig skoðun Neytendasamtakanna að með frumvarpinu sé verið að velta vanda á þessu sviði yfir á neytendur og sveitarfélög, en að atvinnulífinu sé gert mögulegt að komast hjá að taka á þessum vandamáli um hjá sér.

Neytendasamtökin geta ekki mælt með þessu frumvarpi án þess að gerðar séu veigamiklar breytingar á því. Í þessu sambandi leggja Neytendasamtökin áherslu á eftirfarandi:

1. Í 1. gr. frumvarpsins segir að markmið frumvarpsins sé að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og og endurnýtingu úrgangs. Miðað við þessa markmiðsyfirlýsingu er frumvarpið meingallað, enda er ekki leitast þar við að skapa slík hagræn skilyrði, allavega ekki fyrir neytendur. Skilagjald er aðeins á tveimur vöruflokkum. Í fyrsta lagi á einnota drykkjarvöruumbúðum úr áli, stáli, gleri og plastefnum, en slíkt skiladgjald hefur lengi verið við líði. Í öðru lagi og eina nýjungin er varðar skilagjald er á ökutækjum. Í öllum öðrum vöruflokkum, sem eru 16 samtals er um beinar skattaálögur að ræða fyrir neytendur. Neytendasamtökin telja nauðsynlegt að frumvarpinu verði breytt þannig í meðförum Alþingis að það skapi raunveruleg hagræn skilyrði eins og markmið frumvarpsins er.

2. Neytendasamtökin vara við því að með frumvarpinu er verið að byggja upp mjög flókið og dýrt kerfi. Því beina samtökin því til Alþingis að kannað verði hvort ekki megi einfalda þetta frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
3. Í 8. gr. tölulið 1 er gert ráð fyrir að tekið sé upp “úrvinnslugjald” á samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur, þ.e. umbúðir fyrir mjólk, ávaxtasafa og fleira. Neytendasamtökin hafna því alfarið að lagðar séu slíkar álögur á þessar nauðsynjavörur, enda ljóst að slíkt myndi leiða til verðhækkunar á þessum vörum. Neytendasamtökin minna á að nú þegar eru þessar vörur mjög dýrar héraðslendis. Neytendasamtökin minna einnig á að nú eru heimili hvött til að skila slíkum umbúðum á gámastöðvar. Ekki mun það auka “hagrænan” hvata fyrir neytendur að þurfa að greiða sérstakt gjald vegna úrvinnslu, um leið og þeim er gert að keyra með slíkar umbúðir á gámastöðvar sem oft eru í verulegri fjarlægð frá mörgum heimilum.
4. Neytendasamtökin telja að í stað þess að leysa slíkan vanda eingöngu með álögum á almenning, þurfi að horfa til þessara vandamála með meiri framsýni, þar á meðal að auðvelda neytendum flokkun úrgangs og að koma flokkuðum úrgangi í þar til gerða gáma. Jafnframt þarf að auka hagræn skilyrði til að hvetja neytendur til að flokka heimilissorp.
5. Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um úrvinnslusjóð. Í 16. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um stjórn úrvinnslusjóðs og að hún skuli vera fimm manna. Þar er gert ráð fyrir að ráðherra skipi formann án tilnefningar, sveitarfélög skipi einn fulltrúa og atvinnulífið þrjú fulltrúa, eða meirihluta stjórnarmanna. Neytendasamtökin telja þessa skipan fráleita. Hér er um mikilvægt mál að ræða og sem skiptir síður en svo aðeins máli fyrir atvinnulífið. Hér er um að ræða álögur sem lagðar eru á neytendur og því telja Neytendasamtökin eðlilegt að samtökin eigi einnig fulltrúa í stjórninni. Raunar má einnig telja eðlilegt að umhverfissamtök eigi einnig fulltrúa í stjórn sjóðsins, enda um mikilvægt umhverfismál að ræða. Og ekki síst verður að gæta að jafnræði ríki innan stjórnar milli fulltrúa stjórnalda (ríkis og sveitarfélaga), atvinnulífs og hagsmunasamtaka almennings (þar á meðal neytenda).

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna

Jóhannes Gunnarsson formaður